# Þingbók í máli um vegalagningargjöld 1904

Aðfnr. 1369

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Þingbók

í máli um vegalagningargj.

1 9 0 4

.076.7 - .811:625.711.
073.6

Aðfnr. 1369

...ar við Þorlák
...undsson og Sig-

1904

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
1369

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bók þessi, sem hefir inni að halda 288 - tvöhundr- að áttatíu og átta - blaðsíður, og sem er gegnumdreg- in og innsigluð með innsigli Suðuramtsins, lögjildist hjermeð til þess að vera

Dómsmálabók Reykjavíkur kaupstaðar

í 3 málum milli bæjarstjórnarinnar þar öðrumeg- in og húseigendanna Þorláks Halldórssonar, Árna Sæmundssonar og Sigurðar Jónssonar hins vegar.

Suðuramtið, Reykjavík 29. febrúar 1904

J. Havsteen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904 þ. 7. april tók Páll Einarsson, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sæti í bæjarþings-rjetti Reykjavíkur sem skipaður setudómari, eptir að hinn reglulegi dómari hafði vikið sæti. Þingvottar voru þeir: Á. Gíslason Jónas Jónsson, Sigurður Jónsson og Sigurður Pjetursson. Var þá tekið fyrir:

1, málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Sigurði Jónssyni. —

Dómarinn lagði fram sem No 1 brjef amtsins dags. 29. febr. þ. á., sem er skipunarbrjef setudómarans til þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að meðhöndla málið og dæma
það. –
Fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur er mættur málaflutningsmaður Einar Benediktsson í Reykjavík og leggur hann fram sem No 2 stefnu í málinu dags. 26. f. m. ## No 3 sáttakæru með árituninni að málið hafi verið tekið fyrir af sáttanefndinni ## No 4 útskript úr bæjarstjórnarbók Reykjavíkur ## No 5 aðra útskript úr sömu bók ## No 6 útskript úr byggingarnefndarbók Reykjavíkurkaupstaðar ## No 7 sókn í málinu dags. í dag #. –

Leggur hann svo málið í dóm með skírskotun til skjalanna og með fyrirvara. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd stefnda er mættur kaupmaður Guðmundur Hannesson í Reykjavík, og sýnir hann umboð til þess að mæta í málinu, er umboðsmaður stefnanda tekur gilt. Biður umboðsmaður stefnda sjer veittan 14 daga frest í málinu til andsvara og sjeð málsskjölin. Var hvorutveggja veitt með samþykki umboðsmanns stefnanda, og voru skjölin No 1–7 afhent umboðsmanni stefnda. —

Einar Benediktsson

Guðm. Hannesson

2, Málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Árna Sæmundssyni

Dómarinn leggur fram sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 1 skipunarbrjef sitt til þess
að fara með málið og dæma
það.

Fyrir hönd bæjarstjórnar
Reykjavíkur er mættur mála-
færslumaður Einar Bene-
diktsson og leggur hann
fram № 2 stefnu í málinu
dags. 26. marz þ. á. ## № 3
Sáttakæru dags. 10. febr. þ. á. með
áritun um, að málið hafi verið
lagt til sátta ## № 4 útskrift
úr bæjarstjórnarbók Reykjavíkur ##
№ 5 aðra útskrift úr sömu bók ##
№ 6 útskrift úr byggingar-
nefndarbók Reykjavíkur ##
№ 7 sókn í málinu, dags. í
dag ## . ## . –/

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leggur hann svo málið í dóm með skírskotun til skjalanna og með fyrirvara.

Fyrir hönd stefnda er mættur Guðmundur kaupmaður Hannesson í Reykjavík og sýnir í rjettinum umboð sitt, er mótpartinum tekur gilt. Biður hann um að fá 14 daga frest til andsvara og skjölin ljeð. Með samþykki mótpartsins var hvorutveggja veitt og honum afhent skjölin № 1-7. —

Uppl. samþ.

Einar Benediktsson

Guðm. Hannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N= 3 Málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Þorláki Halldórssyni

Dómarinn leggur fram sem
N= 1 skipunarbrjef sitt til þess
að fara með málið og dæma
það dags: 29. febr. þ.á. — ‡‡

Fyrir hönd stefnanda er mættur
málaflutningsmaður Einar Benedikts-
son og leggur hann fram:
N= 2, stefnu í málinu dags: 26. f. m. ‡
N= 3, sáttakæru dags. 10. febr. þ.á. með
áritun um að málið hafi verið
lagt til sátta ‡‡
N= 4, útskrift úr bæjarstjórnarbók Reykja-
víkur ‡‡
N= 5 aðra útskrift, úr sömu bók
N= 6, bókun í málinu dags: í gær. ‡

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leggur hann svo málið í dóm með skírskotun til skjalanna og með fyrirvara.

Fyrir hönd stefnda er mættur Guðmundur kaupmaður Hannesson í Reykjavík og sýnir í rjettinum umboð, sem mótpartarinn tekur gilt. Biður hann sjer veittan 14 daga frest til andsvara og ljeð málsskjölin. Var hvorutveggja veitt með samþykki stefnanda umboðsmanns. - Málsskjölin No 1-6 voru afhent umboðsmanni stefnda. —

Uppl. samþ. -

Einar Benediktsson
Guðm. Hannesson

Setudómarinn gjörði því næst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr dómarasæti. —

Vottar. Páll Einarsson

Jónas Jónsson Gjénsen. Sig. Pétursson Árni Gíslason

Ár 1904 þ. 21. april tók Páll Einarsson sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem skipaður setudómari sæti í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, eptir að hinn reglulegi dómari hafði vikið úr dómarasæti. Rjettarvottar voru: S. Jónsson, Jónas Jónsson, Sigurður Pjetursson og Árni Gíslason. Var þá tekið fyrir

2ᵒ Málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur gegn Sigurði Jónssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd stefnda er mætta kaupmaður Guðmundur Hannesson í Reykjavík. Skilar hann aptur skjölum málsins № 1-7 og leggur fram sem № 8. vörn í málinu dagsi. í dag. – Leggur hann svo málið í dóm með stuðskotum til varnarinnar og með fyrirvara.

Fyrir hönd stefnandans er mættur málaflutningsmaður Einar Benediktsson og var honum með samþykki umboðsmanns stefnda veittur þriggja vikna frestur til andsvara og vitnaleiðslu, og lánuð málsskjölin № 1-8. –

Einar Benediktsson

Guðm. Hannesson

3. málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur gegn Árna Hannessyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd stefnda er mættur
Guðmundur kaupmaður Hamil-
ton í Reykjavík. Skilar hann
aptur málsskjölunum № 1-7
og leggur fram sem № 8 ##
vörn í málinu dags. í dag. ##
Leggur hann svo málið í dóm
með skírskotun til varnar-
innar og með fyrirvara. —
Fyrir hönd stefnanda er
mættur málaflutningsmaður Einar
Benediktsson, og var honum
með samþykki umboðsmanns
stefnda veittur þriggja vikna frestur
í málinu til andsvara og útvega-
leiðslu og lánuð málsskjölin
№ 1-8 Mæt. samþ. -

Einar Benediktsson
Guðm. Hamilton

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Þorláki Halldórssyni

Fyrir hönd stefnda er mættur Guðmundur kaupmaður Hannesson í Reykjavík. Skilar hann aptur skjölunum No 1-6 og leggur fram sem No 7 vörn í málinu dags. í dag. Leggur hann svo málið í dóm með skírskotun til varnarinnar og með fyrirvara.

Fyrir hönd stefnanda er mættur málaflutningsmaður Einar Benediktsson og var honum með samþykki umboðsmanns stefnda veittur þriggja vikna frestur í málinu til andsvara og útvegunar og lánuð málsskjölin No 1-7.
uppl. samþ.

Einar Benediktsson
Guðm. Hannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Setudómarinn vjek því
næst úr dómarasæti. –

Vottar: Páll Einarsson
Jónas Jónsson

Sig Pétursson Árni Gíslason Sig Jónsson

Ár 1904 þ. 19. maí tók Páll
Einarsson, sýslumaður í Gullbringu-
og Kjósarsýslu, sæti í bæjarþings-
rjetti Reykjavíkur eptir að hinn
reglulegi dómari hafði vikið
sæti. Rjettarvottar voru: Sigurður
Jónsson, Jónas Jónsson, Árni
Gíslason og Sigurður Pjetursson.
Var þá tekið fyrir

2° málið 9/1904: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Sigurði Jónssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dómarinn lætur þessa getið, að með því að hinn álsvæðra fyrirtektardag málsins bar upp á helgidag, var fyrirtekt málsins frestað til þessa dags og málspartar aðvaraðir um það.-

Fyrir hönd stefnanda er mættur málaflutningsmaður Einar Benediktsson í Reykjavík. Skilar hann aptur málsskjölunum N= 1-8, leggur fram sem N= 9 vitnastefnu dags. 11. ~~þ.m.~~ og ennfremur sem N= 10 framhald sóknar í málinu dags. í gær. ## Hún leið og hann leggur málið í dóm með skjölunum til sóknarskjala sinna ~~hinum~~ og fyrirvaran biður hann um, að mega leiða tvö vitni, er hjer sjeu mætt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir hönd stefnda er mættur Cand. jur. Eggert Claessen, og sýnir umboð sitt til þess, er umboðsmaður stefnanda telur gilt. –

Fyrir rjettinum er mættur sem vitni Björn kaupmaður Guðmundsson í Reykjavík, 54 ára að aldri. Var hann áminntur um sannsögli.

Umboðsmaður stefnanda biður lagt fyrir vitnið þessa spurningu:
Vill vitnið staðfesta þá skýrslu bæjarfógetans í rjettarskjali No 3, að stefnda Sigurði Jónssyni hafi verið bjóð við lóðarútmælingu til hans, No 56 við Grettisgötu, það álvoði bæjarstjórnar, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greiðsla vegalagningargjálds verði gjört að skilyrði fyrir útmæl-
ingunni?

Vitnið svarar þessari spurningu játandi, og þannig að Sigurði Jónssyni hafi sem öllum öðrum, er lóðir fengið útmældar hjá byggingarnefnd Reykjavíkur, verið tilkynnt þegar útmælingin fór fram, að honum bæri að greiða hálfan kostnaðinn við götulagninguna. Vitnið var í byggingarnefnd Reykjavíkur þegar útmælingin á lóðinni til Sigurðar Jónssonar fór fram. –

Umboðsmaður stefnda óskar þessa gagnspurningu lagða fyrir vitnið: Getur vitnið fullyrt undir eiðstilboð að stefndi Sigurði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jónsson hafi þegar útmælingin fór fram tekið eptir því, að umrætt skilyrði var gjört?
Vitnið svarað spurningunni þannig, að umrætt skilyrði hafi verið gjört og tilkynnt Sigurði Jónssyni af formanni byggingarnefndarinnar, og vitnið verður því að álíta að Sigurður Jónsson hafi heyrt það og tekið eptir því, en vitnið man ekki eptir hvort Sigurður hafi þá látið í ljósi að hann hefði tekið eptir skilyrðinu.
Hvorugur málsparta óskar að leggja fleiri spurningar fyrir vitnið og báðir telja þeir framburð þess gildan sem eiðfestur væri. —
Vitnið vjekk frá rjetti. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mætti því næst fyrir rjettinum sem vitni bæjarfógeti Halldór Daníelsson í Reykjavík 49 ára. – Hann var áminntur um sannsögli:

Umboðsmaður stefnanda beiddi lagða fyrir vitnið þessa spurningu:

Vill vitnið sem formaður byggingarnefndar Reykjavíkur staðfesta þá skýrslu í rjettarskjali № 3, að stefnda Sigurði Jónssyni hafi verið tjáð við lóðarútmælinguna til húss № 56 við Grettisgötu, það ákvæði bæjarstjórnarinnar, að greiðsla vegalagningargjalds væri gjört að skilyrði fyrir útmælingunni?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vitnið svarar spurningunni
með jái og bætir því við, að
Sigurður Jónsson hafi tekið við
útmælingunni með þessu skil
yrði.-

Hvorugur málsparta óskaði að
leggja fleiri spurningar fyrir
vitnið og báðir tóku þeir fram
burð þess gildan sem eið
festur væri.-

Vitnið vjek frá rjetti.-

Stefnandi óskaði ekki að leiða
fleiri vitni.-

Umboðsmaður stefnda
biður um að sjer verði veittur
3ja vikna frestur til andsvara og
vitnaleiðslu og ljeð málsskjölin. Var
hvorutveggja veitt með samþykki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stefnanda. Umboðsmanni stefnda voru afhent málsskjölin No 1-10.-
uppl. samþ.

Einar Benediktsson
Eggert Claessen.

3. Málið 7/1904: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Árna Sæmundssyni.

Dómarinn lét þess getið, að málinu hefur verið frestað um eina viku sökum þess að hinn ákveðni fyrirtekstardagur þess bar upp á helgidag, og var málspörtunum tilkynnt það.-

Fyrir hönd stefnanda er mættur Einar Benediktsson, málaflutningsmaður í Reykjavík. Skilar hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

apter málsskjölunum № 1-8
og leggur fram sem № 9 vitna-
stefnu dags. 11. þ. m., № 10 fram-
hald sóknar dags. 17. þ. m. Um-
leið og hann leggur málið í dóm
með skírskotun til sóknarskjal-
anna og með fyrirvara, óskar hann
þess að mega leiða tvö vitni,
er hér sjeu mætt ástefnd, þá
bæjarfógeta Halldór Danielsson og
Björn kaupmann Guðmundsson.

Fyrir rjettinum mætti þá sem
vitni Björn kaupmaður Guðmunds-
son í Reykjavík, 54 ára að aldri
og var hann áminntur um sann-
sögli. –
Umboðsmaður stefnanda biður
þessa spurningu lagða fyrir
vitnið: Vill vitnið staðfesta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá skýrslu bæjarfógetans í rjettar-
skjali: No 3, að Árna Sæmunds-
syni hafi verið tjáð við lóðarút-
mælinguna til hans, Hverfisgötu
No 57, það ákvæði bæjarstjórnar,
að greiðsla vegalagningargjalds
væri gjört að skilyrði fyrir
útmælingunni?-

Vitnið svarar spurningunni með:
Já.-

Umboðsmaður stefnda biður þessa
gagnspurningu lagða fyrir vitnið:
Getur vitnið fullyrt undir eiðs-
tilboð, að Árni Sæmundsson hafi
þegar útmælingin fór fram, talið
eptir því, að umrætt skilyrði
var gjört?

Vitnið svarar spurningunni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þannig, að skilyrðið hafi verið
tilkynnt Árna Sæmundssyni
af formanni byggingarnefndar-
innar þegar útmælingin fór
fram og vitnið verður því
að álíta, að Árni Sæmundsson
hafi heyrt það og tekið eptir
því, en vitnið man ekki eptir,
hvort Árni hafi þá látið í
ljósi, að hann hafi tekið eptir
skilyrðinu.

Málspartar óska ekki að leggja
fleiri spurningar fyrir vitnið og
taka báðir framburð þess gildan
sem eiðfestur væri.

Vitnið vjek frá rjetti.

Mætti því næst fyrir rjettinum
sem vitni Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarfógeti í Reykjavík 49 ára og var hann ámintur um sannsögli. –

Umboðsmaður stefnanda bið lagða fyrir hann þessa spurningu: Vill vitnið sem formaður byggingarnefndar Reykjavíkur staðfesta þá skýrslu í rjettarskjali № 3, að stefnda Árna Sæmundssyni hafi verið tjáð við lóðarútmælinguna til hans, № 57 við ~~Hverfisgötu~~ Grettisgötu, það ákvæði bæjarstjórnarinnar, að greiðsla vegalagningargjalds væri gjört að skilyrði fyrir útmælingunni?

Vitnið svarar spurningunni játandi og bætir því við, að stefndi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafi tekið við lóðinni með
þessu skilyrði, eins og allir
lóðarbeiðendur, sem það skilyrði
var sett, samþykktu það undan-
tekningarlaust.–

Hvorugur málsparta óskaði
að leggja fleiri spurningar 4o
fyrir vitnið og báðir tóku
þeir framburð þess gildan
sem eiðfestur væri. –

Vitnið vjek frá rjetti.–

Umboðsmaður stefnda óskar að
sjer verði veittur þriggja vikna
frestur til andsvara og vitna-
leiðslu og gjörði málsskjölin
Var hvorutveggja veitt með sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þykkti umboðsmanns stefnanda. Umboðsmanni stefnda voru afhent málsskjölin № 1-10. —

Uppl. samþ. —

Einar Benediktsson
Eggert Claessen.

4° Málið 8/1904: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Þorláki Halldórssyni

Fyrir hönd stefnanda er mættur málaflutningsmaður Einar Benediktsson í Reykjavík. Skilar hann aptur málsskjölunum № 1-7 og leggur fram sem № 8 framhald sóknar dags. 17. þ. m. - Leggur hann svo málið í dóm með skírskotun til sóknar —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gagna sinna og með fyrir-
vara. –

Fyrir hönd stefnda er mættur
Cand. jur. Eggert Claessen og biður
hann sjer gjöf málsskjölin og
veittan 3ja vikna frest til
andsvara og vitnaleiðslu. Var
honum veitt hvorutveggja með
samþykki mótpartsins og afhent
skjölin № 1–8. –

Uppl. samþykkt.

Einar Benediktsson
Eggert Claessen.

Setudómarinn vjek sæti. –

Páll Einarsson

Vottar:
Ó Jónsson Jónas Jónsson.
Árni Jóhannsson. Sig Pétursson

Ár 1904 þ. 9. júní tók Páll Einarsson, sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem skipaður setudómari sæti í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, eptir að hinn reglulegi dómari hafði vikið. Voru þar: Sigurður Jónsson, Jónas Jónsson, Árni Gíslason og Sigurður Pjetursson rjettarvottar. Var þá tekið fyrir

2c málið 1904 Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Sigurði Jónssyni.

Fyrir hönd stefnda er mættur cand. jur. Eggert Claessen. Skilar hann aptur málsskjölunum No 1-10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og leggur fram sem № 11.
framhald varnar dags. í gær ++.
Leggur hann svo málið í dóm
með fyrirvara. –
Fyrir hönd stefnanda er
mættur málaflutningsmaður Einar
Benediktsson og biður hann
bókað: Það sem verjandi tekur
fram um vöntun heimildar
fyrir bæjarstjórn til að selja
lóðir fyrir árið 1903 er fyrir
það fyrsta ekki rjett, því þau
lög eru gefin út ex tunc
einungis. Í öðru lagi kemur
það atriði ekki málinu við
hjer, því hjer var að ræða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um skilyrði fyrir afhendingu lóðarinnar er ekki sölu. Og loks er það ekki lóðin, sem á þennan hátt er goldin af stefnda beinlínis eða óbeinlínis, heldur er það gatan, sem hann er látinn taka þátt í að borga. Verjandi hefur vitnað það sem fram kom í síðasta sjóttarhaldi að stefndi hafi beinlínis gengið inn á, að taka þátt í vegarlagningargjaldinu. Þar er fram komin hreinn samningur milli bæjarstjórnarinnar og privatmannsins og spurningin um lög og samþykktir þarf því ekki að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

takast til greina í þessu máli:
Jeg mótmæli síðustu vörn mótpartsins orð fyrir orð, vísa til þess, sem áður er fram komið af hálfu sækjanda, held fast fyrri rjettarkröfum og legg málið í dóm með fyrirvara. —
Uppl. samþykkt.
Umboðsmaður stefnda óskar bókað: Jeg neita því að lögin frá 3. okt. 1903 um lóðarsölu í Reykjavík sjeu gefin út ex tuto, enda sýna þingtíðindin að svo er ekki. Jeg held því fast fram að lijer sje um nokkurs konar sölu að ræða. Stefndi hjelt þessu fram í fyrra
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

varnarskjali sínu og verður
framhald sóknar stefnanda
varla skilið öðruvísi, en þannig
að hann viðurkenni að þetta
sje svo. Jeg hef eigi viðurkennt
að stefndi hafi gengið inn á
við útmælinguna
að borga lóðargjaldið, en jeg
hef sagt að þó hann hefði
viðurkennt það, þá yrði gjaldið
samt ekki löglega af honum
heimtað.–

Með þessum orðum leggur
hann málið í dóm með fyrir-
vara.–

Upplesið, samþykkt.–

Umboðsmaður stefnanda óskar
bókað: Viðvíkjandi röksemd stefnda
um karakter gjaldsins, er hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

telur vera kaupverð fyrir lóð-
ina vil jeg sjerstaklega mót-
mæla að jeg hafi sagt nokkuð
annað um hana í fyrra sölumat-
skjali heldur en það, að hún
sannaði ekkert frá hans eigin
sjónarmiði. Mótmæli stefndi
gegn framburði bæjarfógeta
sem hefur fides publica í
þessu máli gæti ekki gilt
neitt þótt það kæmi ekki
of seint fram, sem það
gjöra. Leggur hann svo
málið í dóm með fyrir-
vara.—

Uppl. samþykkt.—

Umboðsmaður stefnda óskar
bókað: Jeg held því enn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fast fram, sem jeg áður hef sagt, að stefnandi hafi í framhaldi sóknar sinnar viðurkennt að bæjarsjóði um nokkurs-konar lóðarsölu að ræða, og jeg skal enn halda því fram, að jeg hafi eigi viðurkennt að stefndi hafi ~~eigi~~ við útmælinguna gengið inn á umrætt skilyrði. —

Hann vísar svo til þess, sem áður er fram komið í málinu af hendi stefnda, mótmælir sókn stefnanda orð fyrir orð, heldur fast við áður gjörða-sýknukröfur og leggur málið í dóm. —

Upplesið. samþykkt. —

Umboðsmaður stefnanda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mótmælir og leggur málið
í dóm. —
Málið tekið undir dóm. —

3ᶜ Málið: 7/1904 Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Árna Sæmundssyni

Fyrir hönd stefnda er mættur
cand. jur. Eggert Claessen. Skilar
hann aptur málsskjölunum
N⁰ 1-10, leggur fram sem N⁰ 11
framhald varnar dags. í gær
og leggur hann svo málið
í dóm með fyrirvara. —
Fyrir hönd stefnanda er
mættur málaflutningsmaður
Einar Benediktsson. —
Báðir hinir mættu umboðs-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

menn óska sem framhald
sóknar og varnar bókað orð-
rjett aptur það, er þeir hafa (í dag)
fengið bókað í málinu: Bæjar-
stjórn Reykjavíkur gegn ~~Arna~~
Sigurði Jónssyni. u.s.v.
Leggja svo báðir málsparta
málið í dóm.—
Málið tekið undir dóm.—

4° Málið: 8/1904 Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Þorláki Halldórssyni.
Fyrir hönd stefnda er mættur
Cand. jur. Eggert Claessen. Skilar
hann aptur málsskjölunum № 8
og leggur fram № 9. fram-
hald varnar dags. í gær
og № 10 útskript úr gjörða-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bók byggingarnefndarinnar í
Reykjavík. Leggur hann svo
málið í dóm með fyrirvara.
Fyrir hönd stefnanda er
mættur málaflutningsmaður
Einar Benediktsson og biður
sjer veittan frest til and-
svara og vitnaleiðslu ef með
þarf. Með samþykki mót-
partsins var honum veittur
frestur til 30. þ. m. og
gjeð málsskjölin No 1-10.

Upplesið. samþykkt.

Setudómarinn vjek sæti.

Páll Einarsson

Jónas Jónsson. Hjennen
Sig. Pjetursson Árni Gíslason
Einar Benediktsson
Eggert Claessen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904 þ. 30. júní tók Páll Einarsson, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sæti í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur sem setudómari, eptir að hinn reglulegi dómari hafði vikið. Rjettarvottar voru þeir: Þ. Jónsson, Jónas Jónsson, Árni Gíslason og Sigurður Pjetursson. Var þá tekið fyrir

1° Málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Þorláki Halldórssyni

Fyrir hönd sækjanda er mættur málaflutningsmaður Einar Benediktsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Reykjavík. Skilar hann apter málsskjölunum No 1-10 og leggur fram sem No 11 framhald sóknar dags. í gær. Leggur hann svo málið í dóm, með fyrirvara. —

Fyrir hönd stefnda er mættur cand. jur. Eggert Claessen í Reykjavík. Mótmælir hann hinni síðustu framhaldssókn mótpartsins og leggur málið í dóm. —

Málið tekið undir dóm. —

Setudómarinn vjek að því búnu úr dómarasæti. —

Páll Einarsson

Vottar:
Hjörtur Jónas Jónsson
Á. Gíslason
Sig Pétursson

Einar Benediktsson
Eggert Claessen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904 fimmtudaginn þ. 28. júlí tók Páll Einarsson, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem setudómari sæti í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, eptir að hinn reglulegi dómari hafði vikið sæti. Rjettarvottar voru: S. Jónsson, Jónas Jónsson, Sigurður Pjetursson og Sveinn Guðnason.

Var þá tekið fyrir

málið: 7/1904 Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Árna Sæmundssyni

og í því kveðinn upp svohljóðandi

Dómur:

Í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4. des. 1888

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. gr. er svo ákveðið: „Ef leggja
skal götur eða vegi frá upphafi,
þar sem eigi hefur áður verið,
ræður bæjarstjórnin því, hvort og
að hve miklu leyti þeir skuli
taka þátt í kostnaðinum, sem
lóð eiga þar að og hvernig þeir
skuli greiða kostnað þann, sem
á þá leggst, hvort heldur með
peningum eða vinnu", og er
ákvæði þetta óbreytt tekið upp í
hina núgildandi samþykkt um
stjórn bæjarmálefna kaupstaðar-
ins frá 1. ágúst 1902. – Á fundi
20. febr. 1902 ákvað bæjarstjórn
Reykjavíkur, að þessa samþykktar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákvæði skyldi beitt eptirleiðis þannig, að er nýjar götur væru gjörðar, þá skyldi jafna hlutfallslegum hluta af kostnaðinum niður á þá, er lóðir ættu með fram götunni eptir fyrirfram gjörðri áætlun yfir allan vegagjörðarkostnaðinn. Í framhaldi af þessari ályktun var ennfremur á bæjarstjórnarfundi 16. okt. 1902 ákveðið, að af kostnaðinum við lagningu Grettisgötu skyldu lóðareigendur greiða 75 aura fyrir hverja alin í veginum með fram lóð sinni. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann 11. júní 1902 fjekk stefndi; Árni Sæmundsson í Reykjavík, sjer lóð útmælda við Grettisgötu, 25 álnir á lengd með fram götunni. Samkvæmt framangreindum fundarályktunum krafði bæjarstjórnin hann sem lóðareiganda um gjald til lagningar götunni, 75 aura fyrir hverja alin lóðarinnar, eða alls um 18 kr. 75 a., en hann hefur neitað að borga. Er mál þetta risið út af því og hefur bæjarstjórnin krafist þess, að hann verði með dómi skyldaður til að greiða upphæð þessa og málskostnað eptir mati rjettarins. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn stefndi hefir aptur á móti krafist að verða sýknaður og að sjer verði tildæmdur máls-kostnaður. —

Sýknunarkröfu sína byggir stefndi aðallega á því, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi ekki samkvæmt 31. gr. í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, verið heimilt að setja framan tilfært ákvæði í bæjarsamþykktina og geti það því ekki haft neitt gildi. En rjetturinn getur ekki fallist á þetta. Í 31. gr. í tilsk. 20. apríl 1872 er ákveðið, að í bæjarsamþykktina megi setja nákvæmari reglur "um sjerhvert atriði í bæjarstjórninni, sem heyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óskilegt að tilhaga ákvæðinu, samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem tilskipunin hefur inni að halda". En það verður ekki sjeð að greint samþyktarákvæði sje að neinu leyti í bága við grundvallareglur tilskipunarinnar. Þvert á móti er það ein af grundvallarreglum hennar, að stjórn bæjarins ráði fyrir um afhendingu á eigum bæjarfjelagsins og þar til heyrir að henni sje heimilt að binda afhendingu þeirra skilyrðum. En ákvæði í 20. gr. samþyktarinnar 4. des. 1888 ber að skilja á þá leið, að með því sje lögð sú kvöð á lóðir Reykjavíkurbæjar eða afhending

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirra sje bundin því skilyrði,
að eigendur þeirra sjeu skyldir
til að taka þátt tiltölulegan í
kostnaði við lagningu nýrra vega
meðfram þeim. Og þar sem ákvæði
þetta hefur löglega verið tekið upp í sam-
þykkt bæjarins, sem birt hefur verið
í stjórnartíðindunum, þá hlýtur
það að hafa gildi gagnvart
öllum ~~einnig~~ þeim, er eignast
hafa lóðir eptir að samþykktin
öðlaðist gildi, nema þeim einum,
er með sjerstökum samningi hafa
fengið sig undanþegna boðinu. –
Nú hefur stefndi fengið útvís-
aða lóðina við Grettisgötu eptir
að samþykktin öðlaðist gildi og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það er svo langt frá því, að hann hafi þengið sig undanþeginn vegargjaldsákvæðinu, að það er þvert á móti með framlögðu eptirriti úr gjörðabók byggingarnefndarinnar og vitnisburðinum beggja úr nefndinni nægilega sannað, að lóðin var afhent honum með því skilyrði, að hann tæki tiltölulegan þátt í kostnaðinum við lagningu Grettisgötu. (Og) Með því að taka við lóðinni hefur hann skuldbundið sig til að taka þátt í kostnaðinum við lagningu götunnar, og sú skuldbinding hefur án alls efa fullt samningsgildi burtséð frá ákvæðinu í 20. gr. bæjarsamþykktarinnar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefndi hefur reyndar breyst því, að byggingarnefndinni hafi brostið heimild til að binda afhendingu lóðarinnar því skilyrði að hann borgaði tiltölulegan hluta af kostnaðinum við lagningu Grettisgötu, þar sem slíkt hefði verið sala, en samkv. 5. gr. í tilsk. 17. nóv. 1786 hefði verið óheimilt að selja lóðir í Reykjavík áður en lög 3. okt. 1903 öðluðust gildi. En það er hvorutveggja, að hjer var ekki um neina lóðarsölu að ræða, og svo verður dómarinn einnig að álíta – þrátt fyrir tilvitnunina í opnu brjefi 29. maí 1839, 2. gr. – að 6. gr. í tilskipun 17. nóv. 1786 hafi verið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr gildi numin með tilsk. 28. des. 1836, og þá verður einnig að álíta, að stjórn Reykjavíkurbæjar hafi ~~(einnig)~~ áður en lög 3. okt. 1903 gengu í gildi haft heimild til að áskilja bænum endurgjald fyrir byggingarlóðir, ~~(einnig á tímum gömlu byggingarlóð verzlunarlóð kaupstaðarins)~~. —

Stefndi hefir ekki fundið að því að hið umstefnda gjald sje í sjálfu sjer of hátt sett, og samkvæmt framansögðu ber þá að dæma hann til að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur 18 kr. 75 a., og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 25 krónur með tilliti til þess, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stefnanda ber að greiða setu-
dómaranum dagpeninga og ferða-
kostnað fyrir allar ferðir hans í
málinu. –

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Árni Sæmundsson í Reykja-
vík greiði bæjarstjórn Reykjavíkur
18 kr. 75 a. og ennfremur máls-
kostnað með 25 krónum. –

Dóminum að fullnægja
innan 14 daga frá löglegri birt-
ingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

---

Málið: 9/1904 Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Sigurði Jónssyni

og var í málinu kveðinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upp svohljóðandi

Dómur:

Í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4. des. 1888. 20. gr. er svohljóðandi ákvæði: "Ef leggja skal götur eða vegi frá upphafi, þar sem eigi hefir áður verið, ræður bæjarstjórnin því, hvort og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum, sem lóð eiga þar að. og er ákvæði þetta tekið óbreytt upp í hina núgildandi samþykkt um stjórn málefna kaupstaðarins frá 1. ág. 1902. - Á fundi 20. febr. 1902 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessu samþykktarákvæði skyldi
beitt eptirleiðis, þannig að er
nýjar götur ætti að gjöra, þá
skyldi jafna tiltölulegum hluta
af vegalagningarkostnaðinum
niður á þá, er lóðir ættu með-
fram götunni, eptir fyrirfram
gjörðri áætlun yfir allan vega-
gjörðarkostnaðinn. Í fram-
haldi af þessari ályktun var
ennfremur á bæjarstjórnarfundi
16. okt. 1902 ákveðið, að af
kostnaðinum við lagningu Grettis-
götu skyldu lóðareigendur greiða
75 aura fyrir hverja alin í veg-
inum með fram lóð sinni.-

Þann 1. marz 1902 fjekk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stefndi, Sigurður Jónsson hús-
maður í Reykjavík sín útmælda lóð norðanvert
við fyrirhugaða Grettisgötu, 25
álnir á lengd meðfram götu-
stæðinu. Samkvæmt framan-
greindum fundarákvörðunum
krafði bæjarstjórnin hann um
gjald til lagningar götunni,
75 aura fyrir alin lóðarinnar
eða alls um 18 kr. 75 a., en
hann hefur neitað að borga.
Er mál þetta risið út af því
og hefur stefnandinn, bæjar-
stjórn Reykjavíkur, krafist þess,
að hann verði með dómi skyld-
aður til að greiða upphæð þessa
og málskostnað eptir mati rjett-
arins. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn stefndi hefir aptur á móti krafist að verða sýknaður og að sjer verði tildæmdur málskostnaður. –

Sýknunarkröfu sína byggir stefndi aðallega á því, að samkvæmt 31. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í Reykjavík, hafi bæjarstjórnina brostið vald til þess að setja framangreint ákvæði í samþykkt um stjórn málefna kaupstaðarins og geti því ákvæðið ekki haft lagagildi. En rjetturinn getur ekki fallist á þetta. Í 31. gr. nefndrar tilskipunar er svo ákveðið, að í bæjarsamþykktina megi setja nákvæmari reglur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„um sjerhvert atriði í bæjarstjórn-
inni, sem þykir áskilegt að til-
laga nákvæmar, samkvæmt
grundvallarreglum þeim, sem til-
skipunin hefir inni að halda."
En það verður ekki sjeð að greint
samþykktarákvæði ríði að neinu
leyti í bága við grundvallarreglur
tilskipunarinnar. Þvert á móti
er það ein af grundvallarreglum
hennar að stjórn bæjarins sje
bær að ráða um afhendingu á
eignum bæjarfjelagsins, einnig bygg-
ingarlóðum og leiðir af því, að
henni einnig er heimilt að binda
afhendinguna þeim skilyrðum. En
framangreint ákvæði í 20. gr. sam-
þykktarinnar 4. des. 1888 ber að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skilja á þá leið, að með því sje lögð sú kvöð á lóðir Reykjavíkurbæjar eða afhending þeirra bundin því skilyrði, að eigendur þeirra sjeu skyldir að taka þátt í kostnaði nýrra vega með fram þeim. Og þar sem ákvæði þetta hefur verið löglega tekið upp í samþykkt bæjarins og hún hefur verið birt í stjórnartíðindunum, þá hlýtur það að hafa fullt lagagildi gagnvart öllum þeim, er ~~sig~~ fengið hafa sjer byggingarlóðir útvaldar eftir að samþykktin öðlaðist gildi, nema þá að lóðareigandi hafi með sjerstökum samningi fengið sig undanþeginn kvöðinni. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú hefur stefndi fengið útvísaða lóðina við Grettisgötu eptir að samþykktin öðlaðist gildi og það er svo langt frá því, að hann hafi fengið sig undanþeginn vegargjalds-kvöðinni, að það er þvert á móti með framlögðu eptiriti úr gjörðabók byggingarnefndar Reykjavíkur og vitnisburðum tveggja úr nefndinni löglega sannað, að lóðin hafi verið afhent honum beinlínis með því skilyrði, að hann tæki þátt í kostnaðinum við lagninguna götunnar. Og með því að taka þannig við lóðinni hefur stefndi skuldbundið sig til að greiða tiltölulega hluta af kostnaðinum við götulagninguna, og sú skuldbinding hefur ávallt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða fullt sönnunargildi burt-
sjeð frá ákvæðinu í 20. gr. bæjar-
samþykktarinnar frá 4. des. 1888. -
Stefndi hefur reyndar hreyft
því, að byggingarnefndina hafi
brostið heimild til að gjöra það
að skilyrði fyrir afhending lóð-
arinnar, að hann tæki þátt í vega-
lagningarkostnaðinum, þar sem
slíkt skilyrði hefði verið sala, en
samkvæmt 5. gr. í tilskipun 17. nóv.
1786 hefði verið óheimilt að selja
lóðir í Reykjavík áður en lög
3. okt. 1903 þar um öðluðust gildi.
En það er hvorutveggja, að hjer er
ekki um neina lóðarsölu að ræða,
og svo virðist dómarinn að álíta -
- þrátt fyrir tilvísunina í opnu brjefi
29. maí 1839. 2. gr. - að 5. gr. í til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skipun 17. nóv. 1786 hafi þegar verið úr gildi numin með tilsk. 28. des. 1836 og þá verður einnig að álíta, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi (einnig) áður en lög 3. okt. 1903 gengu í gildi, haft heimild til að áskilja bænum endurgjald fyrir byggingarlóðir. —

Hinn stefndi hefur ekki fundið að því að hið umstefnda gjald sje of hátt sett og samkvæmt framansögðu ber þá að dæma hann til að greiða bæjarstjórn Reykjavík 18 kr. 75 a. og ennfremur máls-kostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 25 kr. með tilliti til þess, að stefnanda ber að greiða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

setudómaranum dagpeninga og ferðakostnað fyrir allar ferðirnar hans í málinu.—

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Sigurður Jónsson í Reykjavík greiði bæjarstjórn Reykjavíkur 18 kr. 75 a. og ennfremur málskostnað með 25 kr.—

Dóminum að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

---

Málið: 7/1904 Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Þorláki Halldórssyni

og var í því kveðinn upp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svofelldur

## Dómur:

Í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 4. des. 1888, 20. gr. er svohljóðandi ákvæði: "Ef leggja skal götur eða vegi frá upphafi, þar sem eigi hefur áður verið, ræður bæjarstjórnin því, hvort og að hve miklu leyti þeir skuli taka þátt í kostnaðinum, sem lóð eiga að því". Er ákvæði þetta tekið óbreytt upp í hina núgildandi samþykkt um bæjarmálefni í Reykjavík frá 1. ágúst 1902. - Á fundi 20. febr. 1902 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur, að þessu sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þykktarákvæði skyldi beitt
eptirleiðis þannig, að er nýjar
götur skyldi gjöra, þá skyldi
jafna tiltölulegum hluta af
vegalagningarkostnaðinum niður
á þá, er lóðir ættu meðfram
götunni eptir fyrirfram gjörði
áætlun yfir allan vegagjörðar-
kostnaðinn og skyldi einnig krefja
þá um gjaldið, er fengið hefðu
lóðir útmældar áður en fundar-
ályktun þessi var gjörð. – Í
framhaldi af þessari ályktun
samþykkti bæjarstjórnin á fundi
16. okt. 1902, að af kostnaðinum
við lagningu Hverfisgötu skyldu
lóðareigendur greiða 75 aura

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir hverja alin í veginum
með fram lóð sinni. –
Hinn 9. febr. 1901 hafði stefnd.
í máli þessu, Þorlákur Halldórsson,
húsmaður í Reykjavík, fengið
sjer útmælda lóð við Hverfisgötu,
25 álnir á lengd meðfram göt-
unni. Samkvæmt framangreind-
um fundarákvörðunum krafði
bæjarstjórnin hann um gjald
til lagningar götunni, 75 aura
fyrir hverja alin lóðarinnar, alls um 18 kr. 75 a
en hann neitaði að borga. Er
mál þetta risið út af því og
hefur bæjarstjórnin krafist þess.
að hann verði með dómi skyld-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðeins til að greiða upphæðina og málskostnað eptir mati rjett-arins.-

Hinn stefndi hefir aptur á móti krafist þess að verða sýknaður og að sjer verði til-dæmdur málskostnaður.-

Sýknunarkröfu sína byggir stefndi aðallega á því, að sam-kvæmt 31. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í Reykjavík, hafi bæjarstjórnina eða samþykkta-valdið brostið heimild til að setja framangreint ákvæði í samþykkt um stjórn málefna kaupstaðarins, og geti því ákvæðið ekki haft lagagildi eða verið skuldbindandi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En rjetturinn getur ekki fallist á þetta. Í 31. gr. nefndrar tilskipunar er svo ákveðið, að í bæjarsamþyktina megi setja nákvæmari reglur" um sjerhvert atriði í bæjarstjórninni, sem þykir æskilegt að tilhaga nákvæmar, samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem tilskipunin hefur inni að halda. En það verður ekki sjeð, að greint ákvæði samþyktarinnar riði að neinu leyti í bága við grundvallarreglur tilskipunarinnar. Þvert á móti er það eitt af grundvallarreglum hennar, sbr. t. d. 19. gr., að stjórn bæjarins - stundum ásamt hinni æðstu landsstjórn - sje bær

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að ráða afhendingum á eign-
um bæjarfjelagsins, einnig bygg-
ingarlóðum, og þá líka ber að
binda afhendingu þeirra skil-
yrðum eða leggja kvaðir á þær,
og það eins þótt slíkar kvaðir
geti haft í för með sjer útgjöld
fyrir [þá er eignirnar verða aðnjótandi] (einstaka borgara bæjarins).
Hið fyr um rædda ákvæði í
20. gr. samþykktarinnar 4. des.
1888 ber að skilja á þá leið, að
með því sje lögð sú kvöð á
lóðir Reykjavíkurbæjar eða af-
hending þeirra bundin því skil-
yrði, að eigendur þeirra sjeu
skyldir að taka þátt í lagningar-
kostnaði nýrra vega meðfram þeim.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og þar sem ákvæði þetta hefur verið löglega tekið upp í samþykktina um stjórn málefna kaupstaðarins og hún hefur verið birt í stjórnartíðindunum, þá hefur það fullt lagagildi gagnvart öllum, er fengið hafa sjer útmældar lóðir til eignar, eptir að samþykktin öðlaðist gildi, nema þá að lóðareigandi hafi með sjerstökum samningi fengið sig undanþeginn kvöðinni.-

Nú hefur stefndi í máli þessu fengið sjer útmælda lóðina við Hverfisgötu eptir að samþykktin öðlaðist lagagildi, og hann hefur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki fært sönnur á, að hann hafi fengið sig undanþeginn skyldunni að greiða tiltölulegan hluta af kostnaðinum við lagningu götunnar og beiðir því að líta svo á, að hann með því að taka við lóðinni hafi skuldbundið sig til að greiða hið umrædda vegagjald. —

Stefndi hefur einnig hreyft því, að óheimilt hefði verið að gjöra greiðslu vegagjaldsins að skilyrði fyrir afhendingu lóðarinnar, þar sem slíkt hefði verið lóðarsala, en samkvæmt 5. gr. í tilsk. 17. nóv. 1786 hefði bæjarstjórn Reykjavíkur verið óheimilt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að selja lóðir áður en lög 3. okt. 1903 öðluðust gildi. En stefndi getur heldur ekki vegna þessa orðið sýknaður, því hjer var ekki um neina lóðarsölu að ræða og dómarinn álítur líka – þrátt fyrir tilvitnunina í opnu brjefi 29. maí 1839. 2. gr. – að 5. gr. í tilskipun 17. nóv. 1786 hafi verið úr gildi numin með tilskipun 28. des. 1836, og að stjórn Reykjavíkurbæjar hafi einnig áður en lög 3. okt. 1903 gengu í gildi haft heimild til þess að áskilja bænum endurgjald fyrir byggingarlóðir. –

Stefndi hefur ekki fundið að því, að hið umstefnda vegar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjald sje í sjálfu sjer of
hátt sett, og ber því samkvæmt
framansögðu að dæma hann til
að greiða stefnanda 18 kr. 75 a.-

Einnig verður að álíta rjett að
dæma stefnda til að greiða
stefnandanum málskostnað,
er þykir hæfilega ákveðinn
30 krónur, með sjerstöku tilliti til
þess að stefnanda ber að greiða
setudómaranum ferðakostnað og
dagpeninga fyrir allar ferðir
hans í málinu.-

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Þorlákur Halldórsson greiði
bæjarstjórn Reykjavíkur 18 kr. 75 a.
og ennfremur málskostnað með
30 krónum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dómsinum að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför. –

---

Dómurinn var lesinn upp í rjettinum og (við mál N: 6 og 7) gat dómarinn þess getið, að sökum embættisferða og anna hefði dómsuppsögnin dregist lengur en til var ætlast. –

Með því ekki voru fleiri mál fyrir að taka á þinginu var rjetti slitið

Páll Einarsson

Vottar:
Sig Pjetursson  G. Jónsson. Jónas Jónsson.  Sv. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

224 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn R